

Leikskólinn Baugur

Starfsáætlun
2026-2027

01. júlí 2026
Ábyrgðarmaður: Margrét Björk Jóhannesdóttir
Leikskólastjóri

Skjal sótt af '000000000000' dags: 12.11.2026

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit 2
Formáli 3
Inngangur 3
Skólastarfið/Leiðarljós 3
Mat á skólastarfi 4
Innra mat leikskólans 4
Innra mat 2025-2026 5
Ytra mat 6
Umbótaáætlun 7
Áherslur í starfi leikskólans 7
Foreldrasamstarf 8
Foreldraráð 8
Foreldrafélag 8
Starfsfólk 9
Símenntunaráætlun 9
Skipulagsdagar 9
Skráningardagar 10
Aðrar upplýsingar 10
Húsnæði og lóð 10
Öryggismál 11
Innra eftirlit 11
Áfallaráð 11
Lokaorð 12
Fylgigögn 12
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun 13
Fylgiskjal 2 Símenntunaráætlun 16
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2026-2027 17
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs 18

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

Inngangur

Skólaárið gekk á heildina litið mjög vel og einkenndist af jákvæðu viðhorfi, gleði og sterkri samstöðu. Starfsfólk og foreldrar lögðu öll sitt af mörkum til að skapa gott og styðjandi námsumhverfi þar sem börnin gátu notið sín og dafnað jafnt í námi sem leik.
Skipulag starfsins reyndist traust og markvisst, sem studdi við góðan árangur og jákvæða upplifun allra sem komu að skólastarfinu. Þrátt fyrir þær áskoranir sem komu upp tókst að takast á við þær af fagmennsku og með jákvæðu hugarfari. Þar vó þungt sú góða samvinna sem ríkti bæði innan starfsmannahópsins og í samskiptum við foreldra.
Nemendur stóðu sig afar vel, sýndu gleði og áhuga í leik og námi og voru drifkraftur skólastarfsins. Árangur þeirra endurspeglar vel hversu árangursríkt og uppbyggilegt skólaárið var.

Skólastarfið/Leiðarljós

Leikskólinn er lifandi samfélag í stöðugri þróun, þar sem börn og starfsmenn geta verið í góðu og jákvæðu sambandi við hvert annað. Í leiknum skapa börn út frá eigin hugarheimi, þau taka ákvarðanir á eigin forsendum og læra að leita lausna. Leikur skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar. Til að þróa gagnrýna hugsun hjá börnum þarf að kenna þeim að skilgreina hluti með því að sjá þá innan frá og frá öllum hliðum. Veganesti barnanna út í lífið er byggt á reynslu þeirra sjálfra. Kennarar/starfsfólk hlúir að sköpunargáfu barnanna sem þau öðlast með vinnu sinni við að athuga umheiminn, ræða það sem upp kemur og vinna úr því.

Mikil áhersla er lögð á að hlustað sé á barnið af athygli og starfsmenn treysta getu og hæfni hvers barns til að efla eigin þekkingu og hvetja þau til að nýta hæfileika sína.

Í Baugi er lögð áhersla á að borin sé virðing fyrir upplifun barnanna, að hlustað sé á þau og þeim sýndur skilningur á bæði jákvæðum og neikvæðum tilfinningum. Börnin fá að vinna á sínum forsendum og áhuga og kennarar/starfsfólk skapar umhverfi þar sem í boði er mismunandi efniviður með það að markmiði að börnin uppgötvi og læri með því að prófa sig áfram. Þegar börnin vinna í hóp læra þau að þekkja hvort annað og treysta hvort öðru sem

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

eflir sjálfstæði þeirra og virkni, eykur samskiptahæfni og byggir grunn að samvinnufærni og vináttu.

Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Baugs eru *á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra*. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsteymi: Margrét Björk Jóhannesdóttir, Freyja Dan Guðmundsdóttir, Tinna Snorradóttir og fulltrúi foreldra.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Matsþættir	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x		x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x		x
Faglegt samstarf	x		x	x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra	x	x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Innra mat 2025-2026

- Grunnþættirnir Sjálfbærni og vísindi og læsi og samskipti voru metnir á skólaárinu.
- Mat var gert á öllum sérstökum viðburðum á borð við foreldraboð, uppákomur og þemadaga.
- Í lok skólaársins meta deildir heilt yfir hvernig starfið hefur gengið og skrifa annál þar sem tíundað er hvað hefur verið gert og hvernig hefur gengið. Þetta mat er sérlega skemmtilegt og sýnir glöggt hve mikið og faglegt starfið er
- Við notumst við ferilmöppur fyrir hvert barn og þar er hægt að sjá mikla þróun milli mánaða/ára. Í ferilmöppum eru ýmsar skráningar úr leik og starfi.
- Mat barna á skólastarfinu var gert í samverustundum þar sem börnin voru spurð hvað þeim finnst skemmtilegast að gera í leikskólanum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

- Til skráningar á stöðu og þroska barna notum við TRAS, EFI og Hljóm-2. ásamt skráningum fyrir ferilmöppur barna.

  Tras skráningarlistinn er lagður fyrir öll börn með sex mánaða millibili á aldrinum tveggja til fimm ára. Niðurstöður og framfarir eru kynntar foreldrum í foreldraviðtali að vori.

  HLJÓM-2 er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans. Skimunin er framkvæmd í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu vegna lestrarerfiðleika þegar formlegt lestrarnám hefst. HLJÓM-2 er lagt fyrir elsta árgang leikskólans og foreldrar fá niðurstöður sendar og kallað er til viðtals ef þess er þörf.

  EFI-2 er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Þessi skimun kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins og tilgangurinn er að finna þau börn sem þurfa á stuðningi að halda. Með því að finna börn með málörðugleika er hægt að bæta úr með snemmtækri íhlutun.

  Í einhverjum tilvikum og samstarfi við foreldra eru lögð fyrir frekari þroskapróf ef eitthvað þarf að ígrunda betur.

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra af utanaðkomandi aðila. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna var gerð í mars 2026 og var svarhlutfallið 77% sem gerir könnunina vel marktæka. Almennt mátti greina ánægju og kom skýrt fram að flestir upplifa góðan starfsanda sem einkennist af gleði og samvinnu. Margir telja að það þurfi að bæta vinnuaðstöðu starfsmanna og að það þurfi fleira starfsfólk eða færri börn. Greina má óánægju með laun og vinnuálag.

Viðhorfskönnun meðal foreldra var gerð í febrúar 2026 og var svarhlutfallið 81,3% með 100 svarendum. Heildarmyndin er mjög sterk. Leikskólinn er yfir landsmeðaltali í flestum lykilþáttum sem snúa að stjórnun, fagmennsku, námsumhverfi, félagslegum samskiptum og foreldrasamstarfi. Niðurstöður styðja við gæðaviðmið og veita skýrar vísbendingar um styrkleika og markviss umbótatækifæri fyrir innra mat. 97,7 % svarenda voru ánægðir með leikskólann og má vel merkja ánægju með vinnubrögð, stjórnun og upplýsingamiðlun. Fjöldamörg svör

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

komu varandi hvað foreldrum finnst gott við leikskólann og þar fékk starfsfólk og starfsandi mikið hól. Fagmennska, öryggi og samvinna var rauður þráður í svörum foreldra.

Heilbrigðiseftirlit, eldvarnareftirlit og öryggiseftirlit lóða er gert reglulega og skýrslum um það skilað. Ef eitthvað þarf að bregðast við eru sendar beiðnir á viðeigandi aðila og úr því bætt fljótt og örugglega.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, feril-möppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í leikskólanum Baug er umbótamiðað og eru niður-stöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

Áherslur í starfi leikskólans

- Í vetur verður markviss vinna við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiða en markmiðið er að verða réttindaskóli Unicef í maí 2027. Ferlið er hafið og framkvæmdaráætlun tilbúin.
- Unnið verður markvisst að innleiðingu læsis- og málstefnu.
- Við viljum kynna okkur hæglæti í skólastarfi og kanna möguleikann á markvissa vinnu með þá hugmyndafræði.
- Námskráin verður gefin út en aftur þurftum við að fresta útgáfu hennar sem fyrir-huguð var í maí 2026. Markmiðið er sett á október 2026.
- Hæfnirammar í íslensku verða notaðir markvisst við upphaf leikskólagöngunnar hjá hverju barni.
- Áframhaldandi verður innleiðing farsældarlaganna og samþættingar. Markmiðið er að setja deildarstjóra betur inn í málið. Sérkennslustjórinn er tengiliður og hefur leitt innleiðinguna með frábærum árangri ásamt góðu aðhaldi og fræðslu frá verkefnis-stjóra innleiðingar farsældar hjá Kópavogsbæ.
- Lausnarteymi verður eftir sem áður starfandi við skólann en það hefur náð að festa sig nokkuð vel í sessi í Baugi. Í lausnarteymi sitja sérkennslustjóri, leikskólastjóri ásamt tveimur kennurum.
- Að þróa faglegt starf starfsfólks áfram með reglulegri ígrundun, endurgjöf og sí-menntun.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

- Að styrkja teymisvinnu með skýru skipulagi funda, samræmdum vinnubrögðum og auknu upplýsingaflæði milli teyma.
- Að efla mat á starfinu með virkri þátttöku matsteymisins og nýta niðurstöður til umbóta og þróunar.
- Að auka enn frekar samstarf við foreldra og tryggja opið, traust og virkt upplýsinga-flæði.
- Að viðhalda jákvæðu, skapandi og gleðiríku skólaumhverfi þar sem leikur, forvitni og vellíðan fá að njóta sín.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf er afar mikilvægt og hefur jákvæð áhrif á leikskólastarfið í heild sinni þar sem það stuðlar að jákvæðari viðhorfum bæði hjá foreldrum og starfsfólki. Foreldrar/forsjáraðilar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Foreldrar eru upplýstir um fulltrúa í foreldraráði og foreldrafélagi með tölvupósti eftir aðalfund foreldrafélags/ráðs í október.

Foreldraráð

Foreldraráð starfar við leikskólann eftir lögum um leikskóla. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og skólanefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar í leikskólastarfi.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum. Félagsaðild að því félagi er frjáls, eins og vera ber samkvæmt landslögum. Ekki hefur komið til þess að foreldrar óski þess að vera utan félagsins. Hefðir hafa skapast fyrir þeim verkefnum sem foreldrafélagið stendur fyrir á hverju ári.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Starfsfólk

Í leikskólanum Baug starfa um 50 manns en gert er ráð fyrir um 25 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 100 % stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 100 % stöðu sérkennslustjóra og 2,25% stöðugildi í eldhúsi. Að auki eru um 10 stöður til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma, sérkennslu barna og fjarveru v. nemasamninga. Við erum með nokkra starfsmenn í tímavinnu sem koma inn ef þörf er á.

Samsetning starfsmannahópsins er sem hér segir

Leikskólakennarafr. B.ed	**1**
Kennari M.ed.	14
Þroskaþjálfi	3
Talmeinafræði	1
Háskólamenntun	8
Leikskólaliði	2
Leiðbeinendur	20
Starfsmenn í eldhúsi	2,25

Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Með öflugri starfþróun er líka verið að hlúa að kennurum/starfsfólki og starfsumhverfi þeirra. Starf í leikskóla er síbreytilegt og ögrandi og hefur víðtæk samfélagsleg áhrif. Starfsánægja kennara er ein af forsendum árangursríks skólastarfs og ætti því starfsánægja að skila sér á jákvæðan hátt út í samfélagið. Kópavogsbær hefur boðið upp á frábær námskeið sem við nýtum óspart ásamt fjölda annarra námskeiða sem við teljum að styrki okkur og okkar skólastarf.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn til leikskólanefndar ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

18. september - > Starfsmannafundur, deildarfundir, gangafundir
11. nóvember - > Vinna v. Réttindaskóla Unicef og fræðsla (óstaðfest)
15. janúar - > Fræðsla (óákveðið)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

09. mars - > Fundir og mat
05. maí - > Námsferð
07. maí - > Námsferð

Við munum sækja um sjötta skipulagsdaginn þar sem hyggjum á námsferð erlendis.

Skráningardagar

Á skráningardögum eru alltaf einhverjir leikskólar opnir fyrir þau börn sem skráð eru í vistun. Eftirfarandi dagar eru skráningardagar:
Vetrarfrí: 22. og 23. október 2025
Jólafrí: 26. 29. og 30. desember 2026
Vetrarfrí: 22. og 23. febrúar 2027
Páskafrí: 22. 23. og 24. mars 2027

Aðrar upplýsingar

Skólaárið 2026-2027 verða 140 barn í leikskólanum Baug. Í ágúst hefja 33 ný börn dvöl í leikskólanum. Dvalartími barna er allt frá 6 klst. upp í 8,5 klst.

Aldursdreifingin er sem hér segir:

Árgangur	Fjöldi
2021	26
2022	26
2023	29
2024	42
2025	17
	140

Á síðasta skólaári fengu 41 barn sérkennslu og/eða stuðning ýmist yfir allan veturinn eða sem íhlutun um ákveðin tíma. 15 börn eru með fjölbreyttan tungumála og menningar bakgrunn en í haust verða þau 18. Í Baugi eru 11 börn í samþættri þjónustu. Við gerum ráð fyrir að umfang sérkennslu verði svipað veturinn 2026-2027. Sérkennsludeildin hefur gefið vorskýrslu þar sem gerð er ítarlega grein fyrir starfinu sl. skólaár.

Húsnæði og lóð

Sumarið 2025 voru unnar einkar vel heppnaðar endurbætur á lóð leikskólans. Nú í apríl 2026 hófust framkvæmdir við stækkun lóðar og fáum við skemmtilegt hreyfisvæði með hlaupabrautum, fótbolta- og körfuboltavelli. Einnig er verið að klára skógarlund í brekkunni. Til stendur að setja upp vagna og hjólageymslu við inngang að neðanverðu. Nýja lóðin okkar er mjög vel heppnuð og falleg. Svæði til hlutverkaleiks eru frábær auk þess eru leiktæki sérlega góð til að æfa styrk, grófhreyfingar og kjark. Mikil ánægja er meðal foreldra, starfsfólks og barna. Samskipti við verktaka voru afbragðs góð og augljóst að aðilar sem komu að verkinu kunna vel til verka og er reynslumikil á þessu sviði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Hugað hefur verið að aðgengi fatlaðra en næsta skólaár verða hjá okkur þrír nemendur sem notast við hjálpartæki. Beðið hefur verið um betra aðgengi fyrir einstaklinga með fatlanir og skoða þarf vandlega snjóbræðslukerfi í garðinum.

Óskir um viðhald skólaárið 2026 – 2027

Síðastliðin sjö ár höfum við unnið að því að undirbúningsaðstaða kennara og fundaraðstaða verði bætt. Í dag erum við með mjög lítið pláss en á sama tíma fjölgar fagfólki. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri deila skrifstofu. Sérkennslustjóri hefur vinnuaðstöðu í fundarherbergi og við erum ekki með viðtalsherbergi. Við höfum komið með hugmyndir um hvernig væri hægt að leysa þetta en það felur í sér fækkun barna í skólanum. Mögulega væri líka hægt að bæta við húsi/gám sem væri hægt að nýta sem vinnurými, fundar- og viðtalsherbergi.

Endurbæta þarf aðstöðu fyrir fatnað starfsfólks.
Endurnýja þarf stóla fyrir börnin.
Endurnýja þarf dúk/gólfefni í eldhúsi og fataherbergjum
*Þetta er ekki tæmandi en við höfum skilað inn okkar óskum.

Öryggismál

Ef upp koma óhöpp eða önnur heilsufarsvandamál byrjum við ávallt á því að hringja í foreldra. Ef um alvarleg slys er að ræða þá er hringt fyrst á sjúkrabíl og síðan í foreldra. Öll slys og mál er varða öryggismál eru skráð í Atvik sem er rafrænt kerfi sem heldur utan um hvers kyns öryggisskráningar. Einn kennari gegnir hlutverki öryggistrúnaðarmanns og aðstoðarleikskólastjóri hlutverki öryggisvarðar. Húsvörður fer í eldvarnareftirlit mánaðarlega og árlegt eldvarnareftirlit er í höndum utanaðkomandi aðila. Árlegar aðalskoðanir eru framkvæmdar af eru gerðar af BSI. Öryggisnefnd fer í eftirlitsferðir um skólann reglulega með það fyrir augum að skrá mögulegar slysahættur og annað sem þarfnast viðhalds eða úrbóta.

Innra eftirlit

Deildar skipta á milli sín að ganga garðinn á hverjum morgni í þeim tilgangi að hreinsa rusl og greina slysahættur. Deildarstjórar tilkynna til leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra ef slysahættur eru fyrir hendi og er haft samband við viðeigandi aðila til að koma og gera úrbætur ef það er utan okkar getu.

Áfallaráð

Í Baugi starfar áfallaráð en það er kallað saman þegar upp koma mál sem falla undir áföll. Unnin hefur verið áfallaáætlun sem ráðið nýtir þegar bregðast þarf við af hálfu leikskólans. Í áfallaráði sitja fimm starfsmenn leikskólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Lokaorð

Skólaárið 2025-2026 gekk afar vel og einkenndist það af fagmennsku, góðri samvinnu og sterkri samstöðu starfsmannahópsins. Jákvætt andrúmsloft ríkti í daglegu starfi og lagði það traustan grunn að farsælu skólastarfi þar sem bæði börn og fullorðnir fengu að njóta sín.

Á komandi vetri verður sérstök áhersla lögð á vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem réttindi barna, þátttaka þeirra og virðing fyrir sjónarmiðum þeirra verða höfð að leiðarljósi í öllu starfi. Samhliða því fer fram kynning á námskrá leikskólans með það að markmiði að allt starfsfólk sé a vinna eftir henni og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til leikskólastarfsins.

Uppeldi til ábyrgðar mun áfram vera rauður þráður í starfseminni, með ríkri áherslu á jákvæð og uppbyggjandi samskipti í daglegu lífi leikskólans. Lögð verður áhersla á að efla félagsfærni barna, sjálfsmynd og ábyrgðartilfinningu í gegnum hlýlegt og styðjandi umhverfi.

Matsteymið mun gegna stærra og virkara hlutverki á komandi ári og vinna markvisst að mati og umbótum í starfinu. Fundir teymanna verða skýrari í skipulagi, markmiðadrifnir og haldnir með reglubundnum hætti til að tryggja samfellu og gæði í starfinu.

Einnig verður unnið að gerð og innleiðingu læsis- og málstefnu í samræmi við stefnu Kópavogsbæjar. Áfram verður lögð mikil áhersla á málþroska, læsi og vandað málumhverfi í öllu starfi leikskólans.

Þrátt fyrir skýr markmið og aukna áherslu á þróunarverkefni er mikilvægt að gleyma ekki gleðinni í leik og starfi. Við ætlum því áfram að skapa jákvætt og lifandi umhverfi, þar sem gleði, forvitni og leikur fá að njóta sín, og takast á við daglegar áskoranir af fagmennsku, sveigjanleika og jákvæðu hugarfari.

Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tíma-rammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Innleiða læsi stefnu	Stefna sveitar-félags	Innleiða Fylgja eftir	2026-2027	Stjórnendur	Allir þekki og vinni eftir stefnu	Stefna tilbúin
Innleiða mál stefnu	Stefna sveitar-félags	Innleiða Fylgja eftir	2026-2027	Stjórnendur	Allir þekki og vinni eftir stefnu	Stefna tilbúin
Sáttmálar **Uppeldi til ábyrgðar**	Uppeldi til á-byrgðar	Vinna sáttmála með börnum í samræmi við stefnu Uppeldi til á-byrgðar	2026-2027	Deildarstjórar	Sýnilegir sáttmálar	
Matsteymi	Mat á skóla-starfinu	Virkja matsteymi og gera matsáætlun	2026-2027	Stjórnendur	Mat unnið jafn óðum yfir veturinn	
Réttindaskóli Unicef	Réttinda-skóli Unicef	Unnið samkv. aðgerðar-áætlun 2025-2027	2026-2027	Stjórnendur	Unnið samkv. aðgerðardagatali Verða réttindaskóli í júní 2027	Aðgerðaráætlun og aðgerðardaga-tal tilbúið
Börn komi að mati á leik-skólastarfinu	Mat á skóla-starfinu	Komi inn í matsteymi, halda áfram að þróa form fyrir mat eldri barna	2026-2027	Matsteymi Unicef-teymi	Börn sitji matsfundi, matsgögn frá börnum liggi fyrir	Ekki hafið

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Þjálfun nýs starfsfólks Móttökuáætlun	Öryggi starfsfólks	Nota ferli og ramma í móttökuáætlun	2026-2027	Þjálfunaraðili/Mentor	Útfyllt viðtalsblöð og samtöl við nýliða	
Markvissari vinna með foreldraráði	Lög um leikskóla	Gera fundaráætlun og funda reglulega	2026-2027	Skólastjóri	Fundargerðir	
Flæði	Samvinna	Hafa flæði oftar í heild eða að hluta	2026-2027	Stjórnendur	Að flæði hafi náð að festast i sessi	Hófst í ágúst 2025
Farsældarlög / Samþætting Kynna og innleiða	Farsældarlög	Fræða. Á foreldrafundi í október Á starfsmannafundi í september	2026-2027	Stjórnendur	Að allir þekki til að viti hvað samþætting er	Kynning og fræðsla hefur átt sér stað. Halda áfram...
Markvissir deildarfundir	Skipulag og fagmennska	Setja deildarfundi í skipulag og ekki láta þá falla niður	2026-2027	Deildarstjórar	Fundargerðir	Hófst í ágúst 2025
Fagfundir	Skipulag og fagmennska	Markvissir fagfundir minnst þrisvar sinnum yfir skólaárið	2026-2027	Stjórnendur	Fundargerðir og samrýmdur faghópur	Hófst í ágúst 2025
Vinna að jákvæðum og styðjandi starfsanda, upplifun á mikilvægi starfs	Fagmennska	Hrósa, miðla upplýsingum, deila ábyrgð. Hópefli, uppákomur í daglegu starfi o.s.frv.	2026-2027	Stjórnendur	Könnun til starfsfólks	Hófst í ágúst 2025

Skjal sótt af '000000000' dags: 12.11.2026

Lausnarteymi	Kynna fyrir starfsfólki og minna á að þetta er fyrsta skrefið í íhlutun	2026-2027	Lausnarteymi	Málaskjöl	September 2026
Markviss hreyfiþjálfun og útikennsla	Verkefnastjóri yfir þessum þætti. Öll börn fá skipulagða hreyfi-stund	2026-2027	Stjórnendur Verkefnastjóri	Stundarskrá og mat	Hófst í ágúst 2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Fylgiskjal 2
Símenntunaráætlun

Tákn með tali	Öðlast færni	2026-2027	60.000 kr.	Stjórnendur og sá sem sækir námskeiðið
Menntaflétta	Fræðsla og færni	2026-2027	0 kr.	Stjórnendur og sá sem sækir námskeiðið
Kraganám-skeið	Fræðsla og færni	2026-2027	0 kr.	Stjórnendur og sá sem sækir námskeiðið
Tras	Öðlast færni og fá réttindi	2026-2027	45.000 kr.	Stjórnendur og sá sem sækir námskeiðið
Nýliðafræðsla	Fræða og veita öryggi í starfi	2026-2027	0 Kr.	Stjórnendur og sá sem sækir námskeiðið
Sorg og áföll	Fræðsla og færni	2026-2027	60.000 kr.	Stjórnendur og sá sem sækir námskeiðið
Fræðsla fyrir deildarstjóra	Fræðsla og færni	2026-2027	0 kr.	Deildarstjórar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2026-2027

		ÁGÚST		SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ			JÚNÍ			JÚLÍ		
1	L		1	Þ		1	F		1	S		1	Þ	Fullveldisdagurinn	1	F	Nýársdagur	1	M		1	M		1	F		1	L	Verkalýðsdagurinn	1	Þ	Hjóladagur	1	F	
2	S		2	M		2	F		2	M		2	M		2	L		2	Þ		2	Þ		2	F		2	S		2	M	Hjóladagur	2	F	
3	M	Fridagur verslunarmanna	3	F		3	L		3	Þ		3	F		3	S		3	M		3	M		3	L		3	M		3	F	Hjóladagur	3	L	
4	Þ	Sumarlokun	4	F		4	S		4	M		4	F	Ljósaganga	4	M		4	F		4	F		4	S		4	Þ		4	F		4	S	
5	M	Sumarlokun	5	L		5	M		5	F		5	L		5	Þ		5	F	Dagur leikskólans	5	F		5	M		5	M	Skipulagsdagur Vinnuferð	5	L		5	M	
6	F	Leikskóli opnar 13:00	6	S		6	Þ		6	F		6	S		6	M	Þrettándinn	6	L	Dagur leikskólans	6	L		6	Þ		6	F	Uppstigningardagur	6	S	Sjómannadagurinn	6	Þ	Leikskóli lokar 13:00
7	F		7	M	Aðlögun	7	M		7	L		7	M		7	F		7	S	Dagur tónlistarskólans	7	S		7	M		7	F	Skipulagsdagur Vinnuferð	7	M		7	M	Sumarlokun
8	L		8	Þ	Dagur læsis	8	F		8	S	Baráttudagur gegn einelti	8	Þ		8	F		8	M	Bolludagur	8	M		8	F		8	L		8	Þ		8	F	Sumarlokun
9	S		9	M		9	F		9	M		9	M		9	L		9	Þ	Sprengidagur	9	Þ	Skipulagsdagur	9	F		9	S		9	M		9	F	Sumarlokun
10	M	Aðlögun	10	F		10	L		10	Þ		10	F		10	S		10	M	Öskudagur	10	M		10	L		10	M		10	F		10	L	
11	Þ		11	F		11	S	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11	M	Skipulagsdagur	11	F	Jólasamvera	11	M		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F		11	S		11	Þ		11	F		11	S	
12	M		12	L		12	M		12	F		12	L		12	Þ		12	F		12	F		12	M		12	M		12	L		12	M	Sumarlokun
13	F		13	S		13	Þ		13	F		13	S		13	M		13	L		13	L		13	Þ		13	F		13	S		13	Þ	Sumarlokun
14	F		14	M	Aðlögun (?)	14	M		14	L		14	M		14	F		14	S		14	S	Dagur stærðfræðinnar	14	M		14	F		14	M		14	M	Sumarlokun
15	L		15	Þ		15	F		15	S		15	Þ		15	F	Skipulagsdagur	15	M		15	M		15	F		15	L		15	Þ		15	F	Sumarlokun
16	S		16	M	Dagur íslenskrar náttúru	16	F	Bleikur dagur	16	M	Dagur íslenskrar tungu	16	M		16	L		16	Þ		16	Þ		16	F		16	S	Hvítasunnudagur	16	M		16	F	Sumarlokun
17	M	Aðlögun	17	F		17	L		17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	M		17	L		17	M	Annar í Hvítasunnu	17	F	Lýðveldisdagurinn	17	L	
18	Þ		18	F	Skipulagsdagur	18	S		18	M		18	F		18	M		18	F		18	F		18	S		18	Þ		18	F	Sumarhátíð	18	S	
19	M		19	L		19	M		19	F		19	L		19	Þ		19	F		19	F		19	M		19	M		19	L		19	M	Sumarlokun
20	F		20	S		20	Þ		20	F	Dagur mannréttinda ba	20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ		20	F		20	S		20	Þ	Sumarlokun
21	F		21	M		21	M		21	L		21	M		21	F		21	S	Konudagur - Upphaf G	21	S	Pálmasunnudagur	21	M		21	F		21	M		21	M	Sumarlokun
22	L		22	Þ		22	F	Skráningardagar	22	S		22	Þ		22	F	Bóndadagur - Upphaf Þorra	22	M	Skráningardagar	22	M	Skráningardagar	22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ		22	F	Sumarlokun
23	S		23	M		23	F	Skráningardagar	23	M		23	M	Þorláksmessa	23	L		23	Þ	Skráningardagar	23	Þ	Skráningardagar	23	F		23	S		23	M		23	F	Sumarlokun
24	M	Aðlögun	24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Aðfangadagur jóla	24	S		24	M		24	M	Skráningardagar	24	L		24	M		24	F		24	L	
25	Þ		25	F		25	S		25	M		25	F	Jóladagur	25	M		25	F		25	F	Skírdagur	25	S		25	Þ		25	F		25	S	
26	M		26	L		26	M		26	F		26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F		26	F	Föstudagurinn langi	26	M		26	M		26	L		26	M	Sumarlokun
27	F		27	S		27	Þ	Náttfata- og bangsdagur	27	F		27	S		27	M		27	L		27	L		27	Þ		27	F		27	S		27	Þ	Sumarlokun
28	F		28	M		28	M		28	L		28	M	Skráningardagar	28	F		28	S		28	S	Páskadagur	28	M		28	F		28	M		28	M	Sumarlokun
29	L		29	Þ		29	F		29	S		29	Þ	Skráningardagar	29	F	Kaffiboð Baugs				29	M	Annar í Páskum	29	F		29	L		29	Þ		29	F	Sumarlokun
30	S		30	M		30	F		30	M		30	M	Skráningardagar	30	L					30	Þ		30	F		30	S		30	M		30	F	Sumarlokun
31	M	Aðlögun				31	L					31	F	Gamlársdagur	31	S					31	M					31	M	Hjóladagur				31	L	

Skjal sótt af '000000000' dags: 12.11.2026

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Tillögur / hugmyndir að umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs (*þessir punktar eru einungis hugsaðir til að hafa til hliðsjónar fyrir foreldraráð við yfirlestur starfsáætlunar***)**

Inngangur/almennt

T.d. hlutverk ráðsins (er m.a. að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt)

Umsögn:

Hvernig er starfsáætlunin unnin?

- Er hún metnaðarfull?
- Lýsir hún starfsemi leikskólans;
    - markmiðum, áherslum og leiðum?
    - hvernig unnið er með börnunum til að þeim líði sem best?
    - hvernig starfsemin fléttast áhersluþáttum leikskólans?
    - fyrirhugaðri foreldrasamvinnu – upplýsingum til foreldra
        - foreldraviðtölum, og hvernig hægt er að nálgast upplýsingar um starfsemina?
    - hvernig matið í leikskólanum fer fram og hvaða matstæki eru notuð?

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

- Gefur hún yfirlit yfir starfsmannahópinn (menntun, reynslu o.fl.)

Lokaorð:

T.d. í heildina telur foreldraráð að starfsáætlunin sé vel unnin og lýsi vel því starfi sem framundan er.

Undirskrift foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026